

## Svar

### umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni um kolefnisjöfnun Stjórnarráðsins.

1. *Hefur markmiði loftslagsstefnu Stjórnarráðsins, sem samþykkt var á ríkisstjórnarfundum 9. apríl 2019, um að kolefnisjafna alla starfsemi Stjórnarráðsins verið náð? Er starfsemi Stjórnarráðsins kolefnishlutlaus í dag?*

Markmið loftslagsstefnu Stjórnarráðsins er að árið 2030 hafi verið dregið úr losun CO<sub>2</sub> um 40%. Samkvæmt því markmiði átti losun að hafa dregist saman um 9% árið 2022 og hefur það markmið náðst en dregið hefur úr losun sem nemur um 35% miðað við árið 2018. Markmið um kolefnishlutleysi fyrir árin 2019–2021 hefur náðst, en ekki hafa öll ráðuneyti lokið við að gera upp losun ársins 2022.

2. *Hver var losun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsemi Stjórnarráðsins á hverju árunum 2019–2022, mælt í tonnum CO<sub>2</sub>-ígilda og greint eftir ráðuneytum og áhrifaþáttum losunar?*

Sjá töflu 1 hér að aftan.

3. *Hver var kolefnisjöfnun Stjórnarráðsins hvert umræddra ára, mælt í tonnum CO<sub>2</sub>-ígilda og greint eftir ráðuneytum?*

Sjá töflu 2 hér að aftan.

4. *Hvernig fór sú kolefnisjöfnun fram og hver var kostnaður við hana, greint eftir ráðuneytum? Hversu stór hluti hennar var vottaður af viðurkenndum vottunaraðilum, og hvaða vottunaraðila var þá um að ræða?*

Ráðuneytin hafa flest hver kolefnisjafnað starfsemi sína í gegnum Kolvið og Votlendisjóð. Eitt ráðuneyti keypti einingar vegna losunar árunum 2019–2020 í gegnum Sameinuðu þjóðirnar. Þá hefur eitt ráðuneyti keypt kolefniseiningar á bið hjá SoGreen. Ekki hafa verið vottaðar einingar í boði hér á landi, þar til nýlega er vottun fékkst fyrir kolefniseiningum í bið. Með því að nýta kolefnisjöfnunarfjármagn ráðuneytanna innan lands hefur verið styrkt við aðra meginstöð stefnumörkunar íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum, sem er að ýta undir skógrækt og endurheimt votlendis innan lands. Varðandi upplýsingar um kostnað og söluaðila er vísað í töflu 2 hér að aftan.

5. *Er kolefnisjöfnun vegna flugs enn tvöfölduð, líkt og kveðið er á um í loftslagsstefnu Stjórnarráðsins?*

Einungis hluti ráðuneyta hefur tvöfaldað kolefnisjöfnun fyrir flugi, má nefna utanríkisráðuneytið sem hefur t.d. kolefnisjafnað verulega umfram losun þó ekki alveg tvöföldun vegna flugs hafi verið náð. Sérstaklega er kveðið á um það í loftslagsstefnu Stjórnarráðsins að tekið sé tillit til hlutverks og verkefna utanríkisráðuneytisins sem þarf öðrum fremur að nýta flugsamgöngur og oft í þágu annarra ráðuneyta.

Tafla 1.

Spurning 2

2022 / CO2 íg (t)	Matvælaráðuneytið*	Dómsmálaráðuneytið	Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Forsætisráðuneytið	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið	Heilbrigðisráðuneytið	Menningar- og viðskiptaráðuneytið	Mennta- og barnamálaráðuneytið	Innvörðaráðuneytið*	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið	Utánkrisaráðuneytið	Umbrá - þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins	Samtals
Orkunotkun	0,37	0,69	0,83	1,19	1,87	0,00	1,28	0,25	0,94	0,55	0,64	5,92	0,44	14,98
Akstur	0,29	1,52	0,64	0,15	1,39	1,11	0,55	0,67	0,96	0,83	2,33	8,15	51,28	69,87
Flug innanlands	0,62	1,12	0,86	0,49	4,40	1,28	1,99	0,57	2,39	2,33	5,99	2,52	0,00	24,55
Flug erlendis	46,02	32,18	1,29	8,26	36,86	21,17	23,62	45,40	23,07	20,89	38,57	304,55	5,32	607,19
Ferðir starfsmanna til og frá vinnu	10,65	8,01	11,71	12,79	6,05	5,16	13,51	8,34	8,14	9,24	5,65	24,64	8,65	132,54
Úrgangur	0,40	0,56	1,17	1,62	1,06	0,00	1,11	0,28	0,66	1,11	0,56	2,62	0,60	11,74
Matur	4,55	4,95	4,77	8,73	4,41	2,84	5,22	3,96	5,37	4,23	4,34	14,40	4,41	72,17
Heildarlosun	62,88	49,03	21,27	33,24	56,04	31,55	47,27	59,47	41,53	39,18	58,08	362,80	70,71	933,05
2021 / CO2 íg (t)														
Orkunotkun	1,69	0,54	0,71	1,25	1,87		0,71		1,16	0,54	0,62	5,99	0,32	15,40
Akstur	1,28	0,10	0,64	0,15	2,16		0,29		0,78	1,12	1,63	4,22	51,63	63,99
Flug innanlands	6,69	0,00	0,86	0,18	1,50		0,71		0,30	1,10	2,56	0,89	0,00	14,79
Flug erlendis	10,62	3,10	1,29	4,56	13,30		1,15		7,16	1,77	8,15	84,64	0,00	135,73
Ferðir starfsmanna til og frá vinnu	15,02	8,82	13,70	9,52	8,26		14,78		13,16	7,90	5,48	25,30	6,77	128,71
Úrgangur	1,40	0,47	1,17	3,04	2,61		1,17		1,77	0,47	1,09	4,06	1,23	18,47
Matur	5,94	4,68	5,04	8,73	4,90		5,22		6,95	4,34	4,18	14,22	3,60	67,80
Heildarlosun	42,64	17,71	23,40	27,42	34,60		24,02		31,28	17,24	23,71	139,32	63,55	444,89
2020 / CO2 íg (t)														
Orkunotkun	1,13	0,59	0,72	1,53	2,53		0,72		1,24	0,59	0,69	6,30	0,43	16,46
Akstur	3,43	0,32	0,67	0,13	1,01		0,46		0,43	0,79	1,65	1,55	80,02	90,48
Flug innanlands	4,69	0,31	1,83	0,73	1,04		0,07		0,17	2,33	3,08	0,70	0,00	14,95
Flug erlendis	11,33	6,927	3,44	3,63	2,45		2,94		15,76	6,29	4,23	104,00	2,20	163,20
Ferðir starfsmanna til og frá vinnu	15,97	8,36	12,28	8,95	10,16		13,45		14,80	8,12	4,73	24,28	5,70	126,80
Úrgangur	4,96	1,21	1,08	2,56	2,34		1,08		2,26	1,21	1,38	4,77	0,86	23,70
Matur	7,16	4,50	5,71	9,92	5,62		5,33		7,36	4,40	4,60	10,83	2,45	67,88
Heildarlosun	48,67	22,21	25,73	27,44	25,14		24,05		42,03	23,73	20,36	152,43	91,67	503,47
2019 / CO2 íg (t)														
Orkunotkun	1,44	0,61	0,68	1,82	2,05		0,68		1,09	0,61	0,72	5,70	0,44	15,84
Akstur	1,43	0,61	1,62	0,59	3,11		1,08		2,15	2,14	5,90	66,17	101,93	186,73
Flug innanlands	11,126	0,425	5,103	1,3	6,00		3,22		1,10	3,60	7,37	2,90	0,00	42,14
Flug erlendis	60,639	50,91	45,216	99,06	41,00		18,77		100,50	44,84	45,76	435,50	4,55	946,75
Ferðir starfsmanna til og frá vinnu	19,69	15,29	19,34	26,41	18,81		19,34		20,32	15,99	9,91	40,85	6,80	212,75
Úrgangur	2,19	1,71	1,58	2,65	2,90		1,27		2,71	2,45	1,27	3,41	1,21	23,36
Matur	3,96	3,36	4,69	7,41	9,37		4,69		5,19	3,21	3,36	17,19	1,83	64,26
Heildarlosun	100,48	72,91	78,23	139,23	83,24		49,04		133,06	72,85	74,29	571,72	116,76	1491,82

\* Tölur 2019-2021 eiga við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið  
 \*\* Tölur 2019-2021 eiga við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

## Tafla 2.

Spurning 3

Kolefnisjafnað er miðað við tvöföldun á flugi  
 Kolefnisjafnað er miðað við heildarlosun ársins  
 Kolefnisjöfnun er lægri en heildarlosun ársins

CO <sub>2</sub> lg (t)	Matvælaráðuneytið*	Dómsmálaráðuneytið	Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Forsætisráðuneytið	Héltáttu-, löndu- og nýsköpunaráðuneytið	Heilbrigðisráðuneytið	Menntingar- og vísiskiptaráðuneytið	Mennta- og barnamálaráðuneytið	Ínnviðaráðuneytið**	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið	Utánvikisráðuneytið	Umbrá- þjónustumiðstöð Sjómarráðsins	Samtals
2022	Heildarlosun ársins Losun m/tvöföldun flugs Kolefnisjöfnun	62,88 109,51 0,00	49,03 82,33 0,00	21,27 23,42 0,00	33,24 41,99 26,00	56,04 97,30 47,30	31,55 53,99 72,00	47,27 72,88 0,00	59,47 105,44 0,00	41,53 66,99 26,00	39,18 62,40 104,00	58,08 102,64 0,00	362,80 669,88 0,00	70,71 1564,79 275,30
2021	Heildarlosun ársins Losun m/tvöföldun flugs Kolefnisjöfnun	42,64 59,94 0,00	17,71 20,81 0,00	23,40 25,56 0,00	27,42 32,15 36,00	34,60 49,40 21,48	24,02 25,88 63,80	24,02 25,88 0,00	31,27 38,73 0,00	17,24 20,11 10,34	23,71 34,43 35,00	139,32 224,86 185,50	63,55 63,55 0,00	444,89 595,40 352,12
2020	Heildarlosun ársins Losun m/tvöföldun flugs Kolefnisjöfnun	48,67 64,69 0,00	22,21 29,45 20,00	25,73 31,00 2,00	27,44 31,80 19,00	25,14 28,63 11,00	24,05 27,06 0,00	24,05 27,06 0,00	42,03 57,97 60,00	23,73 32,35 22,00	20,36 27,67 28,00	152,43 257,13 235,00	91,67 93,87 85,00	503,47 681,62 482,00
2019	Heildarlosun ársins Losun m/tvöföldun flugs Kolefnisjöfnun	100,48 172,24 0,00	72,91 124,25 108,00	78,23 128,55 0,00	139,23 239,59 198,00	83,24 130,24 64,12	49,04 71,03 0,00	49,04 71,03 0,00	133,06 234,66 100,50	72,85 121,29 90,00	74,29 127,42 128,00	571,72 1010,12 928,00	116,76 121,31 113,00	1491,82 2480,71 1729,62

Spurning 4

Heildarkostnaður vegna kolefnisjöfnunar árin 2019-2022 kr.	0	276 USD	10.000	611.408	173.788	293.976	191.400	0	353.093	357.310	744.808	2.697.000	396.000
Söluáðilar kolefnisjöfnunar	SoGreen	UN carbon offset plan, UN COP	Sólheimar í Grimsnesi	Kolviður	Kolviður	SoGreen	Kolviður	Ekki verið ákveðið	Kolviður	Kolviður, Vottlendis-sjóður	Kolviður, Vottlendis-sjóður	Vottlendissj.	Vottlendissj.

\* Tölur 2019-2021 eiga við atvinnu- og niðskopunaráðuneytið  
 \*\* Tölur 2019-2021 eiga við samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið